

Námsáætlun fyrir dönsku - 7. bekkur  
skólaárið 2022 – 2023



Kennari: Hildur Hauksdóttir  
Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Námshættir	Hæfniviðmið Nemandi geti:	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Hlustun</b>	Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.  Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.	Unnið verður markvisst með hlustunarefni sem tengist þeim efnisflokkum sem unnið er með. Hlustun einnig þjálfuð við áhorf á danskt fréttæfni, danskar kvikmyndir og eða þætti þar sem danskur undirtexti er einnig notaður.	
<b>Lesskilningur</b>	Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi t.d. af myndum.  Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.	Unnið verður markvisst með les- og vinnubækur þar sem efni þeirra tengist ákveðnum efnisflokkum.	Orðaforðapróf Lesskilningspróf
<b>Samskipti</b>	Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.  Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.	Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokka. Lögð er áhersla á málfræði, orðaforða og að þeir geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra.	Símat

<b>Frásögn</b>	<p>Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.</p> <p>Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.</p>	<p>Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokka. Lögð er áhersla á málfræði, orðaforða og að þeir geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra.</p>	<p>Símat</p>
<b>Ritun</b>	<p>Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokki sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.</p> <p>Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.</p> <p>Lýst í einföldu máli því sem næst honum er fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.</p>	<p>Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokka. Lögð er áhersla á málfræði, orðaforða og að þeir geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra.</p>	<p>Ritun</p>
<b>Menningarläsi</b>	<p>Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.</p> <p>Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.</p>	<p>Nemendur kynnast einkenni þjóðfélags og innri samfélagsgerð í gegnum les- og vinnubækur, netmiðla og upplýsingar frá kennara.</p>	<p>Virkni þemaverkefni</p>

<p><b>Námshæfni</b></p>	<p>Beitt einföldum námsaðferðum til auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.</p> <p>Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.</p> <p>Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</p>		<p>Orðaforðakannanir Lesskilningur Þemaverkefni</p>
<p><b>Námsgögn:</b> Start les- og vinnubók, Smart les- og vinnubók, danskir þættir/dönsk kvikmynd, efni frá kennara og af netinu.</p>			
<p><b>Lokanámsmat:</b> Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</p>			